Veðurstofu Íslands er skylt að gefa út viðvaranir um yfirvofandi hættu af völdum veðurs og veðurtengdra þátta eftir því sem tilefni er til hverju sinni og í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir. Þess skal gætt að viðvaranir séu settar fram á skýran og ótvíræðan hátt. Veðurstofan skal koma viðvörðunum sínum tafarlaust á framfæri, m.a. við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, fjölmiðla og aðra miðla sem hafa almenna útbreiðslu og ná til notenda innan lands, hafsvæða umhverfis landið og flugstjórnarsvæðis sem stofnunin vaktar samkvæmt alþjóðlegum samningum eða skuldbindingum Íslands á alþjóðavettvangi, sem og við staðbundna miðla, eftir því sem tilefni er til.

10. gr.

Sérþjónusta.

Veðurstofa Íslands veitir veðurfræðilega sérþjónustu gegn greiðslu á forsendum jafnræðis gagnvart einkareknum veðurþjónustufyrirtækjum og öðrum ríkisveðurstofum á Evrópska efnahagssvæðinu. Veðurfræðileg sérþjónusta felst m.a. í framkvæmd og úrvinnslu veðurmælinga, fullvinnslu og ítarlegri túlkun grunnþjónustu og ráðgjöf um veðurfræðileg og veðurfarsleg málefni.

Starfsemi sérþjónustu Veðurstofu Íslands skal rekin sem sjálfstæð eining og vera fjárhagslega aðskilin frá annarri starfsemi stofnunarinnar.

11. gr.

Þjónustusamningar.

Veðurstofa Íslands getur falið öðrum aðilum, stjórnvöldum sem einkaaðilum, að annast ákveðna verkþætti á starfssviði sínu með sérstökum samningi þar um.

12. gr.

Aðgangur að gögnum.

Veðurstofu Íslands er skylt að afhenda gögn sem hún býr til eða aflar við rekstur grunnkerfa og grunnþjónustu gegn greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra, þó með þeim takmörkunum sem leiðir af aðild Íslands að fjölþjóðasamningum um meðferð veðurgagna, þar á meðal tölvureiknaðra spágagna, í markaðsumhverfi. Ráðherra setur að fengnum tillögum Veðurstofu Íslands gjaldskrá um afhendingarkostnað vegna gagna sem afhent eru samkvæmt ákvæði þessu.

13. gr.

Reglugerð.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um veðurþjónustu og veðurtengda öryggisþjónustu.

14. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt verða eftirfarandi breytingar á 3. gr. laga um Veðurstofu Íslands, nr. 30/1985:

- a. 1. og 2. tölul. orðast svo:
 1. að sjá um rekstur grunnkerfa og annast grunnþjónustu á sviði veðurþjónustu, sbr. lög um veðurþjónustu,
 2. að annast verkefni á sviði ofanflóðavarna, sbr. lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.
- b. 3., 5. og 7. tölul. falla brott og breytist röð annarra liða samkvæmt því.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Markús Sigurbjörnsson.

Sigríður A. Þórðardóttir.

LÖG

um afnám laga nr. 26/1976, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, um stofnun Norræna fjárfestingarbankans.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, um stofnun Norræna fjárfestingarbankans, nr. 26/1976, eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Markús Sigurbjörnsson.

Geir H. Haarde.

LÖG

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „1.200 kr.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 1.350 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 2. og 3. tölul. 1. mgr. kemur: 3.900 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „100 kr.“ í 4. tölul. 1. mgr. kemur: 150 kr.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „11.500 kr.“ í 1., 2., 3. og 5. tölul. 2. mgr. kemur: 12.700 kr.
- e. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 4. tölul. 2. mgr. kemur: 3.900 kr.
- f. Í stað fjárhæðarinnar „5.700 kr.“ í 3. mgr. kemur: 6.300 kr.

2. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 3.900 kr.

3. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: 3.900 kr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 1. mgr. kemur: 3.900 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „11.500 kr.“ í 1. mgr. kemur: 12.700 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „5.700 kr.“ í 3. mgr. kemur: 6.300 kr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „10.300 kr.“ í 1. mgr. kemur: 11.350 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „35.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 38.500 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 1. mgr. kemur: 3.900 kr.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „11.500 kr.“ í 1. mgr. kemur: 12.700 kr.
- e. Í stað fjárhæðarinnar „17.200 kr.“ í 2. mgr. kemur: 18.900 kr.
- f. Í stað fjárhæðarinnar „5.700 kr.“ í 2. mgr. kemur: 6.300 kr.

6. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „5.700 kr.“ í 6. gr. laganna kemur: 6.300 kr.

7. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „1.200 kr.“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: 1.350 kr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „1.200 kr.“ í 1. mgr. kemur: 1.350 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „2.300 kr.“ í 2. mgr. kemur: 2.550 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 3. mgr. kemur: 3.900 kr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 5.500 kr.
- b. 22. tölul. 1. mgr. orðast svo: Leyfi til verkfræðinga, tækni­fræðinga, arkitekta (húsa­meistara), byggingafræðinga, húsgagna- og innanhússarkitekta (húsgagna- og innan­hússhönnuða), iðnfræðinga, landslagsarkitekta (landslagshönnuða), skipulagsfræðinga raffræðinga og tölvunarfræðinga.
- c. Á eftir 25. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður sem orðast svo: Leyfi til niðurjöfnunar sjó­ tjóns.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 1.100 kr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. 1. tölul. fellur brott.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „100.000 kr.“ í 2., 3., 4. og 6. tölul. kemur: 110.000 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 7. tölul. kemur: 55.000 kr.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „100.000 kr.“ í 8. tölul. a kemur: 110.000 kr.
- e. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 8. tölul. b kemur: 55.000 kr.
- f. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 9. tölul. kemur: 55.000 kr.
- g. Í stað fjárhæðarinnar „100.000 kr.“ í 10.–13. tölul. kemur: 110.000 kr.
- h. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 14., 17. og 20. tölul. kemur: 55.000 kr.
- i. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 15. tölul. kemur: 11.000 kr.
- j. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 18. tölul. kemur: 5.500 kr.
- k. Í stað fjárhæðarinnar „20.000 kr.“ í 21. tölul. kemur: 22.000 kr.
- l. Í stað fjárhæðarinnar „15.000 kr.“ í 22. tölul. kemur: 16.500 kr.
- m. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 23. og 24. tölul. kemur: 3.300 kr.
- n. Í stað fjárhæðarinnar „100.000 kr.“ í 27., 35. og 36. tölul. kemur: 110.000 kr.
- o. Í stað fjárhæðarinnar „15.000 kr.“ í 28. tölul. kemur: 16.500 kr.
- p. Í stað fjárhæðarinnar „30.000 kr.“ í 29. tölul. kemur: 33.000 kr.
- q. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 30. tölul. kemur: 5.500 kr.
- r. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 31. tölul. kemur: 55.000 kr.
- s. Í stað fjárhæðarinnar „100.000 kr.“ í 32. tölul. a kemur: 110.000 kr.
- t. Í stað fjárhæðarinnar „300.000 kr.“ í 32. tölul. b kemur: 330.000 kr.
- u. Í stað fjárhæðarinnar „25.000 kr.“ í 33. og 34. tölul. kemur: 27.500 kr.

- v. 37. og 38. tölul. falla brott.
- w. Í stað fjárhæðarinnar „80.000 kr.“ í 39. tölul. kemur: 88.000 kr.
- x. Í stað fjárhæðarinnar „96.000 kr.“ í 40. tölul. a kemur: 106.000 kr.
- y. Í stað fjárhæðarinnar „160.000 kr.“ í 40. tölul. b kemur: 176.000 kr.
- z. Í stað fjárhæðarinnar „224.000 kr.“ í 40. tölul. c kemur: 246.000 kr.
- aa. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 41. tölul. a kemur: 3.300 kr.
- bb. Í stað fjárhæðarinnar „22.000 kr.“ í 41. tölul. b kemur: 24.200 kr.
- cc. Í stað fjárhæðarinnar „44.000 kr.“ í 41. tölul. c kemur: 48.400 kr.
- dd. Í stað fjárhæðarinnar „66.000 kr.“ í 41. tölul. d kemur: 72.600 kr.
- ee. Í stað fjárhæðarinnar „110.000 kr.“ í 41. tölul. e kemur: 121.000 kr.
- ff. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 43. tölul. a kemur: 55.000 kr.
- gg. Í stað fjárhæðarinnar „30.000 kr.“ í 43. tölul. b kemur: 33.000 kr.
- hh. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 43. tölul. c kemur: 11.000 kr.
- ii. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 45.–49. tölul. kemur: 5.500 kr.
- jj. Í stað fjárhæðarinnar „1.200 kr.“ í 50. tölul. kemur: 1.350 kr.
- kk. Í stað fjárhæðarinnar „25.000 kr.“ í 51. tölul. a kemur: 27.500 kr.
- ll. Í stað fjárhæðarinnar „2.500 kr.“ í 51. tölul. b kemur: 2.750 kr.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 1. og 3. tölul. kemur: 3.300 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 2. tölul. kemur: 5.500 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „25.000 kr.“ í 4. tölul. kemur: 27.500 kr.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „15.000 kr.“ í 5. tölul. kemur: 16.500 kr.
- e. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 6. og 7. tölul og 10.–16. tölul. kemur: 3.300 kr.
- f. Í stað fjárhæðarinnar „6.000 kr.“ í 8. og 9. tölul. kemur: 6.600 kr.
- g. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 17. og 18. tölul. kemur: 5.500 kr.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „150.000 kr.“ í 1. tölul. kemur: 165.000 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „75.000 kr.“ í 2. tölul. kemur: 82.500 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 3. tölul. kemur: 66.000 kr.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „40.000 kr.“ í 4. tölul. kemur: 44.000 kr.
- e. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 5. tölul. kemur: 55.000 kr.
- f. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 6. tölul. kemur: 5.500 kr.
- g. Í stað fjárhæðarinnar „75.000 kr.“ í 7. tölul. kemur: 82.500 kr.
- h. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 8. tölul. kemur: 1.100 kr.
- i. Í stað fjárhæðarinnar „60.000 kr.“ í 9. tölul. kemur: 66.000 kr.
- j. Í stað fjárhæðarinnar „30.000 kr.“ í 10. tölul. kemur: 33.000 kr.
- k. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 11. tölul. kemur: 5.500 kr.
- l. Í stað fjárhæðarinnar „4.000 kr.“ í 12. tölul. kemur: 4.400 kr.
- m. Í stað fjárhæðarinnar „500 kr.“ í 13. tölul. kemur: 550 kr.
- n. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 14. og 15. tölul. kemur: 11.000 kr.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 14. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „4.600 kr.“ í 1. tölul. a kemur: 5.100 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „9.200 kr.“ í 1. tölul. b kemur: 10.100 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „2.300 kr.“ í 1. tölul. c kemur: 2.550 kr.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „1.700 kr.“ í 2. tölul. a kemur: 1.900 kr.
- e. Í stað fjárhæðarinnar „3.400 kr.“ í 2. tölul. b kemur: 3.750 kr.
- f. Í stað fjárhæðarinnar „850 kr.“ í 2. tölul. c kemur: 950 kr.
- g. Í stað fjárhæðarinnar „4.600 kr.“ í 3. tölul. a kemur: 5.100 kr.
- h. Í stað fjárhæðarinnar „9.200 kr.“ í 3. tölul. b kemur: 10.100 kr.
- i. Í stað fjárhæðarinnar „1.700 kr.“ í 3. tölul. c kemur: 1.900 kr.
- j. Í stað fjárhæðarinnar „3.400 kr.“ í 3. tölul. d kemur: 3.750 kr.
- k. Í stað fjárhæðarinnar „2.800 kr.“ í 4. tölul. a kemur: 3.100 kr.
- l. Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr.“ í 4. tölul. b kemur: 2.200 kr.
- m. Í stað fjárhæðarinnar „800 kr.“ í 5. og 6. tölul. kemur: 3.000 kr.
- n. Í stað fjárhæðarinnar „1.800 kr.“ í 7. tölul. kemur: 3.000 kr.
- o. 8. tölul. orðast svo: Almenn vegabréfsáritun (hámark til 90 daga) 3.000 kr.
- p. Í stað fjárhæðarinnar „4.000 kr.“ í 9. og 10. tölul. kemur: 3.000 kr.
- q. Í stað fjárhæðarinnar „2.400 kr.“ í 10.–12. tölul. kemur: 3.000 kr.
- r. Í stað fjárhæðarinnar „800 kr.“ í 13. tölul. kemur: 3.000 kr.
- s. Í stað fjárhæðarinnar „80 kr.“ í 13. tölul. kemur: 90 kr.
- t. 14. og 15. tölul. falla brott.
- u. Í stað fjárhæðarinnar „4.600 kr.“ í 16. tölul. kemur: 5.100 kr.
- v. Í stað fjárhæðarinnar „2.800 kr.“ í 17. tölul. kemur: 3.100 kr.
- w. Í stað fjárhæðarinnar „2.300 kr.“ í 18. og 19. tölul. kemur: 2.550 kr.
- x. Í stað fjárhæðarinnar „1.200 kr.“ í 20.–22. tölul. kemur: 1.350 kr.
- y. Í stað fjárhæðarinnar „900 kr.“ í 23. tölul. kemur: 1.000 kr.
- z. Í stað fjárhæðarinnar „1.200 kr.“ í 24. tölul. kemur: 1.350 kr.
- aa. Í stað fjárhæðarinnar „500 kr.“ í 25. tölul. kemur: 550 kr.
- bb. Í stað fjárhæðarinnar „4.000 kr.“ í 26. tölul. kemur: 4.400 kr.
- cc. Í stað fjárhæðarinnar „1.200 kr.“ í 27. tölul. kemur: 1.350 kr.
- dd. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 28. tölul. kemur: 3.900 kr.
- ee. Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr.“ í 29. tölul. kemur: 2.200 kr.
- ff. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 30. tölul. kemur: 1.100 kr.
- gg. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 31. tölul. kemur: 5.500 kr.

14. gr.

Við VIII. kafla laganna, **Ýmis vottorð og leyfi**, bætist ný grein, 14. gr. a, er orðast svo: Greiða skal í ríkissjóð 1.500 kr. af hverju skráningarkerki ökutækja.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 1. tölul. kemur: 3.300 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 2. tölul. kemur: 3.900 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 3. tölul. kemur: 5.500 kr.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 4. tölul. kemur: 11.000 kr.

- e. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 5. tölul. a kemur: 3.300 kr.
- f. Í stað fjárhæðarinnar „7.500 kr.“ í 5. tölul. b kemur: 8.300 kr.
- g. Í stað fjárhæðarinnar „37.500 kr.“ í 5. tölul. c kemur: 41.500 kr.

16. gr.

1. másl. 1. mgr. 16. gr. laganna verður svohljóðandi: Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip sem koma hingað einvörðungu vegna fiskveiða, fraktskip og íslensk fiskiskip sem koma frá útlöndum og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipin eiga að fá hér á landi skal greiða 20 kr. af hverju nettótonni skipsins.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „100 kr.“ í 1. mgr. kemur: 150 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 1.100 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „400 kr.“ í 1. tölul. 3. mgr. kemur: 450 kr.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „350 kr.“ í 2. tölul. 3. mgr. kemur: 400 kr.
- e. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 3. tölul. 3. mgr. kemur: 1.100 kr.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Markús Sigurbjörnsson.

Geir H. Haarde.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Samningar aðildarsamtaka vinnumarkaðarins um málsmeðferð í ágreiningsmálum, um hvort laun og ráðningarkjör starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði séu í samræmi við ákvæði laga og kjarasamninga, skulu hafa sama almenna gildi og samningar þeirra um laun og önnur starfskjör, sbr. 1. gr., með þeim takmörkunum sem í samningunum felast.

Þegar settar eru á fót samráðsnefndir til úrlausnar ágreiningsmála á grundvelli samninga skv. 1. mgr. og atvinnurekandi, sem er málsaðili, á ekki aðild að samtökum atvinnurekenda er honum heimilt að tilnefna einn fulltrúa sem tekur sæti eins fulltrúa samtaka atvinnurekenda í nefndinni. Hið sama gildir um launamann sem er málsaðili og á ekki aðild að stéttarfélagi en fulltrúi hans tekur sæti eins fulltrúa samtaka launafólks í nefndinni. Ákvæði málsaðili að tilnefna fulltrúa skal tilnefningin fara fram fyrir upphaf málsmeðferðar hjá samráðsnefndinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Markús Sigurbjörnsson.

Árni Magnússon.

LÖG

um greiðslur yfir landamæri í evrum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2560/2001 frá 19. desember 2001, um greiðslur yfir landamæri í evrum, skulu hafa lagagildi hér á landi í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem bókunin er lögfest. Reglugerðin um greiðslur yfir landamæri í evrum er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglugerð um greiðslur yfir landamæri í evrum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 2560/2001****frá 19. desember 2001****um greiðslur yfir landamæri í evrum**

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAM-
BANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,
einkum l. mgr. 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,
með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu ⁽³⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um
í 251. gr. sáttmálans ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB frá 27. janúar 1997 um færslu fjármuna milli landa⁽⁵⁾ var leitast við að bæta þjónustu við færslu fjármuna yfir landamæri, einkum skilvirkni hennar. Markmiðið var einkum að gera neytendum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum kleift að færa fjármuni á skjótan, áreiðanlegan og ódýran hátt frá einum hluta bandalagsins til annars. Slíkar færslur fjármuna og greiðslur yfir landamæri almennt eru enn þá afar dýrar, miðað við greiðslur innanlands. Athugun, sem framkvæmdastjórnin lét gera og birti 20. september 2001, leiddi í ljós að neytendur fá ófullnægjandi eða engar upplýsingar um kostnað við færslu fjármuna og að meðalkostnaður við greiðslur yfir landamæri hefur varð breyst frá árinu 1993 þegar sambærileg athugun var gerð.

- 2) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins frá 31. janúar 2000 um smásölugreiðslur á innri markaðnum ásamt ályktunum Evrópuþingsins frá 26. október 2000 um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar og frá 4. júlí 2001 um leiðir til að aðstoða rekstraraðila við að breyta yfir í evru, svo og skýrslur Seðlabanka Evrópu frá september 1999 og september 2000 um að bæta þjónustu í tengslum við greiðslur yfir landamæri, hafa allar lagt áherslu á brýna nauðsyn skilvirkra umbóta á þessu sviði.
- 3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar, svæðanefndarinnar og Seðlabanka Evrópu frá 3. apríl 2001 um undirbúning vegna innleiðingar evruseðla og -myntar er tilkynnt að framkvæmdastjórnin muni íhuga að nota öll tæki sem henni eru tiltæk og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að kostnaður við færslu fjármuna yfir landamæri verði færður til samræmis við kostnað við færslu fjármuna innanlands og þar með að gera hugmyndina um evrusvæðið sem „innlent greiðslusvæði“ áþreifanlega og skýra í hugum borgaranna.
- 4) Ef miðað er við markmiðið sem var áréttað þegar evran var tekin upp sem reikningsgjaldmiðill, nánar tiltekið að ná fram ef ekki samræmdri, þá a.m.k. svipaðri gjaldtökustefnu varðandi evruna, hefur ekki orðið neinn marktækur árangur að því er varðar lækkun kostnaðar vegna greiðslna yfir landamæri, miðað við greiðslur innanlands.
- 5) Magn greiðslna yfir landamæri eykst stöðugt eftir því sem innri markaðurinn nær betri fótfestu. Á þessu landamæralausa svæði hefur tilkoma evrunnar gert greiðslur auðveldari.
- 6) Sú staðreynd að gjöld fyrir greiðslur yfir landamæri eru áfram hærri en gjöld fyrir innlendar greiðslur hamlar viðskiptum yfir landamæri og hindrar því eðlilega starfsemi innri markaðarins. Einnig er líklegt að þetta hafi áhrif á

⁽¹⁾Stjtið. EB C 270 E, 25.9.2001, bls. 270.

⁽²⁾Áliti var skilað 10. desember 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽³⁾Stjtið. EB C 308, 1.11.2001, bls. 17.

⁽⁴⁾Álit Evrópuþingsins frá 15. nóvember 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 7. desember 2001 (Stjtið. EB C 363, 19.12.2001, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. desember 2001.

⁽⁵⁾Stjtið. EB L 43, 14.2.1997, bls. 25.

- tiltrú á notkun evrunnar. Í því skyni að greiða fyrir starfsemi innri markaðarins er því nauðsynlegt að tryggja að gjöld fyrir greiðslur yfir landamæri í evrum séu þau sömu og gjöld fyrir greiðslur í evrum innan aðildarríkis en það mun einnig efla tiltrú á evrunni.
- 7) Að því er varðar rafræna greiðslumiðlun yfir landamæri í evrum skal meginreglan um sömu gjöld gilda frá og með 1. júlí 2002, að teknu tilliti til aðlögunartímabla og þess aukna vinnuálags sem breytingin yfir í evrum hefur í för með sér. Til að mögulegt sé að koma á nauðsynlegu grunnvirki og skilyrðum skal til 1. júlí 2003 vera í gildi aðlögunartímabil að því er varðar færslu fjármuna yfir landamæri.
- 8) Eins og sakir standa er ekki ráðlegt að beita meginreglunni um samræmdar gjaldfærslur þegar um er að ræða pappírsvísanir þar sem þær eru þess eðlis að ekki er hægt að meðhöndla þær á jafn skilvirkan hátt og annan greiðslumáta, einkum rafrænar greiðslur. Þó skal meginreglan um gagnsæi gjaldfærslu einnig gilda um ávísanir.
- 9) Í því skyni að gera viðskiptavinum kleift að meta kostnað við greiðslu yfir landamæri er nauðsynlegt að hann fái upplýsingar um þau gjöld sem í gildi eru og allar breytingar á þeim. Það sama á við þegar greiðsla yfir landamæri í evrum tekur einnig til annars gjaldmiðils en evrunnar.
- 10) Þessi reglugerð hefur engin áhrif á möguleika stofnana til að bjóða eitt heildargjald fyrir mismunandi greiðsluþjónustu, að því tilskildu að ekki sé gerður greinarmunur á greiðslum yfir landamæri og innanlands.
- 11) Einnig er mikilvægt að auðvelda greiðslustofnunum að annast greiðslur yfir landamæri. Í tengslum við þetta skal stuðla að stöðlun, einkum að því er varðar notkun alþjóðlegs banka-reikningsnúmers (IBAN) ⁽⁶⁾ og bankanúmers (BIC) ⁽⁷⁾ sem nauðsynleg eru við rafræna vinnslu á færslu fjármuna yfir landamæri. Sem viðtækust notkun þessara númera er talin afar mikilvæg. Þar að auki skulu aðrar aðgerðir, sem fela í sér aukakostnað, aflagðar í því skyni að lækka gjaldtöku af viðskiptavinum í tengslum við greiðslur yfir landamæri.
- 12) Til að létta byrði stofnana sem annast greiðslur yfir landamæri er nauðsynlegt að afhema í áföngum skyldur um reglubundna, innlenda skýrslugjöf að því er varðar hagskýrslur um greiðslujöfnuð.
- 13) Til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð skulu aðildarríkin sjá til þess að til séu fullnægjandi og skilvirkar verklagsreglur um kvartanir eða málskot til að jafna deilur milli sendanda og stofnunar hans eða milli viðtakanda og stofnunar hans, og nota verklagsreglur sem fyrir eru þegar við á.
- 14) Æskilegt væri að framkvæmdastjórnin legði fram skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar eigi síðar en 1. júlí 2004.
- 15) Setja skal ákvæði um verklag sem gerir kleift að beita þessari reglugerð einnig á greiðslur yfir landamæri sem gerðar eru í gjaldmiðli annars aðildarríkis þegar það aðildarríki ákveður svo.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Inntak og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um greiðslur í evrum yfir landamæri í því skyni að tryggja að gjöld fyrir þessar greiðslur séu þau sömu og fyrir greiðslur í evrum innan aðildarríkis.

Hún skal gilda um greiðslur í evrum yfir landamæri sem nema innan bandalagsins allt að 50 000 evrum.

Þessi reglugerð skal ekki gilda um greiðslur yfir landamæri sem færðar eru milli stofnana fyrir eigin reikning.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „greiðslur yfir landamæri“:

i) „færsla fjármuna yfir landamæri“: viðskipti, sem fara fram að frumkvæði sendanda, um stofnun eða útibú stofnunar í aðildarríki í þeim tilgangi að hafa ákveðna fjárhæð til reiðu fyrir viðtakanda í stofnun eða útibú stofnunar í öðru aðildarríki; sendandi og viðtakandi geta verið einn og sami aðili,

ii) „rafræn greiðslumiðlun yfir landamæri“:

⁽⁶⁾ISO-staðall nr. 13613.

⁽⁷⁾ISO-staðall nr. 9362.

- færsla fjármagns með rafrænum greiðslumiðli, nema stofnun mæli fyrir um færsluna og framkvæmi,
 - úttekt reiðufjár með rafrænum greiðslumiðli og hleðsla (og afhleðsla) rafræns seðils með búnaði á borð við hraðbanka og seðlavélar og hjá útgefanda eða stofnun sem er bundin af samningi um að taka við greiðslumiðlinum,
- iii) „ávisanir yfir landamæri“: þær ávisanir sem skilgreindar eru í Genfarsamningnum þar sem kveðið er á um samræmd lög um ávisanir frá 19. mars 1931, og gefnar eru út á stofnun sem staðsett er í bandalaginu og notaðar við færslu fjármuna yfir landamæri í bandalaginu;
- b) „rafrænn greiðslumiðill“: fjargreiðslumiðill og rafeyrir sem gerir handhafa kleift að framkvæma rafræna greiðslumiðlun einu sinni eða oftár;
- c) „fjargreiðslumiðill“: miðill sem gerir handhafa kleift að taka út fjármuni af reikningi sínum í stofnun og að innna af hendi greiðslu til viðtakanda og alla jafna krefst persónulegs auðkennisnúmers og/eða annarrar ámóta sönnunar. Til fjargreiðslumiðla teljast einkum greiðslukort (kreditkort, debetkort, debetkort með greiðslufresti eða kreditkort án hámarks) og síma- og heima- bankaþjónusta. Færsla fjármuna yfir landamæri fellur ekki undir þessa skilgreiningu.
- d) „rafeyrir“: hlaðanlegur greiðslumiðill, hvort sem um er að ræða reiðufjárlort eða tölvuminni sem greiðslueiningar eru geymdar á með rafrænum hætti;
- e) „stofnun“: einstaklingur eða lögaðili sem annast færslur fjármuna yfir landamæri;
- f) „gjaldfærslur“: allar gjaldfærslur stofnunar sem tengjast beint greiðslumiðlun í evrum yfir landamæri.

3. gr.

Gjöld fyrir rafræna greiðslumiðlun og færslu fjármuna yfir landamæri

1. Frá og með 1. júlí 2002 skulu gjöld stofnunar fyrir rafræna greiðslumiðlun í evrum yfir landamæri, sem nema allt að 12 500 evrum, vera þau sömu og gjaldfærslur sömu stofnunar vegna samskonar greiðslumiðlunar í evrum innan aðildarríkisins þar sem stofnunin, sem annast rafrænu greiðslumiðlunina yfir landamæri, hefur starfsstöð sína.

2. Í síðasta lagi frá og með 1. júlí 2003 skulu gjöld stofnunar fyrir færslu fjármuna í evrum yfir landamæri, sem nema allt að 12 500 evrum, vera þau sömu og gjöld sömu stofnunar vegna samskonar færslu fjármuna í evrum innan aðildarríkisins þar sem stofnunin, sem annast færslu fjármuna yfir landamæri, hefur starfsstöð sína.

3. Frá og með 1. janúar 2006 skal fjárhæðin 12 500 evrur hækkuð í 50 000 evrur.

4. gr.

Gagnsæi gjaldtöku

1. Stofnun skal koma á framfæri við viðskiptavinum sína skriflega og, ef við á samkvæmt innlendum reglum, með rafrænum hætti, á eðlilegu og skiljanlegu máli fyrirframupplýsingum um gjaldtöku í tengslum við greiðslur yfir landamæri og greiðslur innan aðildarríkisins þar sem stofnunin hefur starfsstöð sína. Aðildarríkjum er heimilt að mæla fyrir um að á ávísanaheftum skuli vera yfirlýsing þar sem neytendur eru varaðir við því að gjald er tekið fyrir notkun ávísana yfir landamæri.

2. Allar breytingar á gjaldtöku skulu tilkynntar á sama hátt og segir í 1. mgr. áður en þær taka gildi.

3. Þegar stofnanir taka þóknun fyrir að skipta gjaldreyri yfir í og úr evrum skulu þær veita viðskiptavinum sínum:

- a) fyrirframupplýsingar um þær þóknanir sem þær hyggjast taka fyrir skiptin; og
- b) sérstakar upplýsingar um þær þóknanir sem þær hafa fengið fyrir skiptin.

5. gr.

Ráðstafanir til að auðvelda færslu fjármuna yfir landamæri

1. Stofnun skal, þegar það á við, tilkynna hverjum viðskiptavinum sínum, óski þeir þess, um alþjóðlegt banka-reikningsnúmer (IBAN) sitt og bankanúmer (BIC) stofnunarinnar.

2. Viðskiptavinurinn skal, sé þess óskað, tilkynna stofnuninni, sem annast færsluna, um alþjóðlegt bankareikningsnúmer (IBAN) viðtakanda og bankanúmer (BIC) stofnunar sem viðtakandi skiptir við. Veiti viðskiptavinurinn ekki framangreindar upplýsingar er stofnuninni heimilt að taka aukaþóknun. Í slíku tilvikum skal stofnunin, í samræmi við 4. gr.,

veita viðskiptavinum upplýsingar um aukabókunina.

3. Frá og með 1. júlí 2003 skulu stofnanir láta alþjóðlegt bankareikningsnúmer (IBAN) og bankanúmer (BIC) stofnunarinnar koma fram á reikningsyfirlitum allra viðskiptavina eða í viðauka við þau.

4. Birgir sem tekur við greiðslu með færslu fjármuna skal við gerð vörureikninga fyrir vörur og þjónustu yfir landamæri í bandalaginu tilkynna viðskiptavinum sínum alþjóðlegt bankareikningsnúmer (IBAN) sitt og bankanúmer (BIC) stofnunarinnar sem hann skiptir við.

6. gr.

Skyldur aðildarríkjanna

1. Aðildarríkin skulu afnema í síðasta lagi frá og með 1. júlí 2002 allar skyldur varðandi innlenda skýrslugjöf vegna hagskýrsla um greiðslujöfnuð um greiðslur yfir landamæri sem nema allt að 12 500 evrum.

2. Aðildarríkin skulu afnema í síðasta lagi frá og með 1. júlí 2002 allar innlendar skyldur varðandi lágmarksupplýsingar sem veita skal um viðtakanda sem koma í veg fyrir að greiðslan fari fram á sjálfvirkan hátt.

7. gr.

Beiting þessarar reglugerðar

Beiting þessarar reglugerðar skal tryggð með viðurlögum sem eru árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og hafa letjandi áhrif.

8. gr.

Endurskoðunarákvæði

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. júlí 2004, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar reglugerðar, einkum að því er varðar:

- þróun grunnvirkja greiðslukerfa yfir landamæri,
- réttmæti þess að bæta þjónustu við neytendur með því að styrkja samkeppnisskilyrði við veitingu greiðsluþjónustu yfir landamæri,
- áhrif beitingar þessarar reglugerðar á gjöld fyrir greiðslur innan aðildarríkis,
- réttmæti þess að hækka upphæðina, sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr., í 50 000 evrur frá og með 1. janúar 2006, með tilliti til afleiðinga þess fyrir fyrirtæki.

Skýrslunni skulu fylgja tillögur að breytingum eftir því sem við á.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Þessi reglugerð gildir einnig um greiðslur yfir landamæri sem gerðar eru í gjaldmiðli annars aðildarríkis þegar það aðildarríki tilkynnir framkvæmdastjórninni um þá ákvörðun sína að rýmka beitingu reglugerðarinnar þannig að hún gildi um gjaldmiðil þess. Framkvæmdastjórnin skal birta tilkynninguna í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Rýmkunin öðlast gildi 14 dögum eftir téða birtingu.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins, Fyrir hönd ráðsins,

N. FONTAINE

A. NEYTS-
UYTTEBROECK

forseti.

forseti.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Markús Sigurbjörnsson.

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um veitingu ríkisborgararéttar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Barnes, Larissa, f. 27. apríl 1976 í Úkraínu.
2. Bold, Bilguun, f. 10. maí 1979 í Mongólíu.
3. Byock, Jesse Lewis, f. 26. maí 1945 í Bandaríkjunum.
4. Dalyan, Alper, f. 6. janúar 1974 í Tyrklandi.
5. Fedorowicz, Anna, f. 25. maí 1980 í Póllandi.
6. Harden, Jason Nemor, f. 4. ágúst 1971 í Bandaríkjunum.
7. Ioudinov, Guennady, f. 2. september 1955 í Rússlandi.
8. Kristján Þór Snorrason, f. 18. júní 1980 í Bandaríkjunum.
9. Lewis, Darrel Keith, f. 13. febrúar 1976 í Bandaríkjunum.
10. Melcer, Serafin, f. 8. júlí 1977 í Póllandi.
11. Ncogo, Catalina Mikue, f. 28. febrúar 1978 í Miðbaugs-Gíneu.
12. Ngo, Xuyen Thi, f. 1. janúar 1938 í Víetnam.
13. Redlicka, Magdalena, f. 20. september 1975 í Póllandi.
14. Savtchouk, Svetlana, f. 29. ágúst 1957 í Rússlandi.
15. Troston Anton Snorrason Macnee, f. 8. nóvember 1986 á Nýja-Sjálandi.
16. Woods, John Allen, f. 8. júlí 1923 í Bandaríkjunum.
17. Zogaj, Sabrije, f. 30. júlí 1976 í Júgóslavíu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Markús Sigurbjörnsson.

Björn Bjarnason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. málsl. 2. mgr. 36. gr. laganna orðast svo: Verðbréf skv. 1., 2., 5., 6., 8. og 9. tölul. 1. mgr. skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Blöndal.

Markús Sigurbjörnsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein, 6. mgr., svohljóðandi:

Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn flutningsfyrirtækis þess sem ráðherra veitir rekstrarleyfi skv. 1. mgr. skulu hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. 2. tölul. 2. mgr. orðast svo: Arðsemi flutningsfyrirtækisins skal vera sem næst markaðs-ávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Arðsemi reiknast sem hlutfall hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) og bókfærðs verðs fastafjármuna sem nauðsynlegir eru til reksturs kerfisins. Fastafjármunir þessir skulu vera þeir sem nýttir eru 31. desember 2004 og miðað við bókfært virði þann dag, ásamt nauðsynlegum nýjum fastafjármunum, sem síðar kunna að koma til. Um heimild til uppfærslna á bókfærðu verði fastafjármuna við útreikning tekjumarka vegna endurmats og breytinga á verðlagi skal kveðið á í reglugerð.

b. 3. mgr. orðast svo:

Tekjumörk skulu ákveðin til þriggja ára í senn en endurskoðuð árlega. Við endurskoðun skal athugað hvort breytingar hafi orðið á forsendum sem lagðar voru til grundvallar við ákvörðun tekjumarka. Heimilt er að færa of- eða vanteknar tekjur milli ára. Í reglugerð skal kveðið á um takmörk heimilda til uppsöfnunar réttinda.

c. Við 4. mgr. bætast tveir nýir málslíðir sem orðast svo: Gjaldtaka fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi skal miðast við heildarmagn raforku sem flutt er til dreifiveitusvæðisins auk þess sem mótttekið er beint frá virkjun innan dreifiveitusvæðisins, sbr. þó 5. mgr. Ekki skal greitt af notkun í einangruðum kerfum innan dreifiveitusvæða sem ekki njóta tengingar við flutningskerfið.

d. 5. mgr. orðast svo:

Sama gjaldskrá skal vera fyrir innmötun virkjana á flutningskerfið. Þar sem virkjanir tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu skal innmötunargjaldið renna til dreifiveitunnar. Greiða skal úttektargjald vegna framleiðslu slíkrar virkjunar til flutningsfyrirtækisins sem hér segir:

1. Vegna þeirrar orku sem framleidd er í virkjun sem er undir 1 MW skal ekki greiða úttektargjald til flutningsfyrirtækisins.

2. Vegna orku sem framleidd er í virkjunum á stærðarbilinu 1–3,1 MW skal ekki greiða úttektargjald við neðri stærðarmörkin en síðan skal gjaldið fara hlutfallslega hækkandi þar til það nemur 75% fulls úttektargjalds við efri mörkin.

3. Vegna orku frá virkjun sem er 3,1–7 MW skal greiða 75% fulls úttektargjalds.

e. 1. másl. 8. mgr. orðast svo: Krefjast skal greiðslu ef tenging nýrra virkjana eða stórnótenda við flutningskerfi veldur auknum tilkostnaði annarra notenda kerfisins.

f. 9. mgr. orðast svo:

Komi í ljós að arðsemi flutningsfyrirtækisins síðastliðin þrjú ár nær ekki helmingi af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldaþréfa til fimm ára eða sambærilegra verðþréfa né heldur er hagnaður af rekstri fyrirtækisins skal taka tillit til þess við setningu tekjumarka og gerð gjaldskrár næsta árs. Sama á við komi í ljós að arðsemi flutningsfyrirtækisins síðastliðin þrjú ár er meira en þriðjungu yfir sömuávöxtun.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 2. tölul. 2. mgr. orðast svo: Arðsemi dreifiveitu skal vera sem næst markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldaþréfa til fimm ára eða sambærilegra verðþréfa. Arðsemi reiknast sem hlutfall hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) og bókfærðs verðs fastafjármuna sem nauðsynlegir eru til reksturs kerfisins. Fastafjármunir þessir skulu vera þeir sem nýttir eru 31. desember 2004 og miðað við bókfært virði þann dag, ásamt nauðsynlegum nýjum fastafjármunum, sem síðar kunna að koma til. Um heimild til uppfærslna á bókfærðu verði fastafjármuna við útreikning tekjumarka vegna endurmats og breytinga á verðlagi skal kveðið á í reglugerð.

b. 3. mgr. orðast svo:

Tekjumörk skulu ákveðin til þriggja ára í senn en endurskoðuð árlega. Við endurskoðun skal athugað hvort breytingar hafi orðið á forsendum sem lagðar voru til grundvallar við ákvörðun tekjumarka. Heimilt er að færa of- eða vanteknar tekjur milli ára. Í reglugerð skal kveðið á um takmörk heimilda til uppsöfnunar réttinda.

c. 7. mgr. orðast svo:

Komi í ljós að arðsemi dreifiveitu síðastliðin þrjú ár nær ekki helmingi af markaðs-ávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa né heldur er hagnaður af rekstri veitunnar skal taka tillit til þess við setningu tekjumarka og gerð gjaldskrár næsta árs. Sama á við komi í ljós að arðsemi dreifiveitu síðastliðin þrjú ár er meira en þriðjungur yfir sömu ávöxtun.

d. Við bætist ný málsgrein sem verður 9. mgr. og orðast svo:

Dreifiveitu er skylt að greiða virkjun sem tengist henni og er undir 3,1 MW þann ávinning, að hluta eða að fullu, sem felst í því að þurfa ekki að greiða úttektargjald að fullu til flutningskerfisins, sbr. ákvæði 5. mgr. 12. gr., með eftirfarandi hætti:

1. Greiða skal virkjun undir 0,3 MW að fullu hreinan ávinning veitunnar af niðurfellingu úttektargjaldsins.
2. Fyrir virkjun sem er 0,3–3,1 MW skal minnka greiðsluna hlutfallslega þar til ekkert er greitt sé virkjunin 3,1 MW eða stærri.

4. gr.

Orðin „í samræmi við gjaldskrár sem fengið hafa meðferð“ í 43. gr. laganna falla brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða IV í lögnum:

- a. Í stað orðanna „Frá 1. janúar 2007“ í 1. mgr. kemur: Frá 1. janúar 2006.
- b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Óheimilt er að greiða niður raforku til kaupenda sem eiga þess kost að velja sér orkusala með fjármunum sem fást af sölu til kaupenda sem eru bundnir einum raforkusala á tímabilinu 1. janúar 2005 til 1. janúar 2006. Enn fremur er óheimilt að hækka gjald fyrir orku til hinna bundnu kaupenda umfram það tilefni sem leiðir af eðlilegum kostnaðarhækkunum. Orkustofnun getur krafist skýringa og gagna um ákvörðun á raforkuverði til hinna bundnu kaupenda. Stofnunin getur krafist hins sama telji hún óeðlilegt frávik vera á orkuverði miðað við verð hjá öðrum raforkusölum til samsvarandi hóps bundinna raforkukaupenda. Í reglugerð er heimilt að kveða á um hámarksverð raforku til hinna bundnu kaupenda, þ.e. þeirra sem ekki eiga kost á að velja sér raforkusala.

6. gr.

Í stað orðanna „sex ára“ í 1. málsl. ákvæðis til bráðabirgða IX í lögnum kemur: fimm ára.

7. gr.

Við lögina bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 12. gr. skulu tekjumörk flutningsfyrirtækis og dreifiveitna einungis sett til eins árs í upphafi og gilda fyrir árið 2005. Orkustofnun er heimilt að ákveða í samráði við eftirlitsskylda aðila að tekjumörk fyrir árið 2006 skuli einnig ákveðin til eins árs.

b. (II.)

Frá gildistöku laga þessara og fram til 1. janúar 2005 er óheimilt að uppfæra bókfært verð þeirra fastafjármuna sem um er fjallað í 2. tölul. 2. mgr. 12. gr. og 2. tölul. 2. mgr. 17. gr. laganna.

8. gr.

Við upptalningu í viðauka með lögnum bætist nýr töluliður sem verður 3. tölul. og orðast svo: Öldugata í Hafnarfirði.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 2004.

Halldór Ásgrímsson.**Halldór Blöndal.****Markús Sigurbjörnsson.**

(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum (hollustuháttaráð).

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Orðin „og hollustuháttaráðs“ í 3. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

2. gr.

17. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla brott orðin „og hollustuháttaráðs“ í 5. mgr. 21. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 2004.

Halldór Ásgrímsson.**Halldór Blöndal.****Markús Sigurbjörnsson.**

(L. S.)

Sigríður A. Þórðardóttir.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
130	22. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi	810-818
131	21. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum	818
132	21. des.	Lög um breytingu á lögum um Háskóla Íslands, nr. 41/1999, með síðari breytingum	819
133	21. des.	Lög um breytingu á lögum um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997, með síðari breytingum	819
134	20. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum	820-821
135	21. des.	Lög um breytingu á lögum um Háskólann á Akureyri, nr. 40/1999, með síðari breytingum	821
136	20. des.	Lög um Lánasjóð sveitarfélaga	822-824
137	21. des.	Lög um afnám laga nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna, með síðari breytingum	824
138	20. des.	Lög um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993	825-826
139	21. des.	Lög um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001	826-827
140	21. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum	827-829
141	21. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 155/1998, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum	829-830
142	22. des.	Lög um veðurþjónustu	830-833
143	21. des.	Lög um afnám laga nr. 26/1976, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, um stofnun Norræna fjárfestingarbankans	833
144	21. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum	834-838
145	20. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda	838-839
146	22. des.	Lög um greiðslur yfir landamæri í evrum	839-843
147	20. des.	Lög um veitingu ríkisborgararéttar	844
148	21. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum	845
149	22. des.	Lög um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum	845-848
150	22. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum (hollustuháttaráð)	848

